



Kristín Þórðardóttir skipuð í nýtt embætti sýslumanns

Kristín Þórðardóttir hefur verið skipuð í nýtt embætti sýslumanns. Hún tók við stöðunni sl. föstudag. Nýu embætti sýslumanns verða nú sameinuð í eitt frá og með 1. janúar 2027.

Kristín hefur verið sýslumaður á Suðurlandi undanfarin níu ár og auk þess verið settur sýslumaður í Vestmannaeyjum, nú síðast frá árinu 2023. Kristín hefur jafnframt verið formaður Sýslumannaráðs frá árinu 2018. Hún lauk kandidateisprófi frá lagadeild Háskóla Íslands árið 2006. Árið 2025 lauk hún stjórnunarnámi frá Said Business School við University of Oxford. Þá hefur hún hefur lagt stund á stjórnunarnám í Endurmenntun Háskóla Íslands og Opna háskólanum.

„Það er mér heiður að fá að

takast á við þetta stóra og mikilvæga verkefni og ég er þakklát fyrir það traust sem mér og mínum störfum hingað til er sýnt með skipun minni. Unnin hefur verið mikil undirbúningsvinna frá því að lögin voru samþykkt og góður grunnur verið lagður að vegferðinni undanfarin ár. Nú tekur við nýtt tímabil í sameiningarferlinu þar sem áfram verður lögð mikil áhersla á góða samvinnu og samstarf við reynslumikið og vandað starfsfólk embættanna,“ segir Kristín Þórðardóttir, nýr sýslumaður í tilkynningu. „Fyrsta verkefnið verður að heimsækja allar starfsstöðvar embættisins og kynna enn betur því öflugra starfsfólki sem mun starfa við eitt sameinað embætti hringinn í kringum landið.“

Nýu embætti sameinuð í eitt frá 1. janúar 2027 verða nú sýslumannsembætti landsins sameinuð í eitt embætti með starfsstöðvum um allt land. Þetta er stór og mikil breyting í íslensku stjórnsýslu og mun Kristín vinna ásamt ráðuneytinu að undirbúningi og innleiðingu sameiningarinnar.

„Þjónusta ríkisins á ekki að ráðast af póstnúmeri. Með einu öflugra embætti tryggjum við jafnari og betri þjónustu við almenning, betri nýtingu fjármuna og sterkari stjórnsýslu um land allt. Við fækkum ríkisstofnunum um 5% en byggjum um leið upp sterkara sýslumannsembætti fyrir landið allt,“ segir Þorbjörg S. Gunnlaugsdóttir dómsmálaráðherra.

Guðni Ingvarsson í heiðurshöll Selfoss handbolta

Guðni Ingvarsson var teyginn inn í heiðurshöll Selfoss handbolta laugardaginn sl. á upphitunarkvöldi tímabilsins sem haldið var á þéttsetnu Sviðinu. Guðni er þar með sjöundi maðurinn sem hlýtur þessa nafnbót, en þar komast eingöngu þeir einstaklingar sem hafa spilað með félaginu í 10 tímabil.

Guðni er fæddur og uppalinn í Skarði í Landsveit. Honum var ekið á æfingar á Selfossi upp alla yngri flokka þar sem hann hlaut sitt handboltalega uppeldi. Hann er línumaður að Guðs náð og hefur ávallt verið mikill leiðtogi og haft sterka rödd innan liðsins. Hann lék með meistaraflokki Selfoss frá árinu 2007-2012 áður en hann færði sig um set og lék nokkur ár í Vestmannaeyjum og varð þar bikarmeistari með liðinu ásamt því að vinna fyrsta

Íslandsmeistaratitil liðsins árið 2014. Hann stoppaði síðan stutt við í Gróttu áður en hann sneri aftur heim á Selfoss árið 2016 þar sem hann átti stóran þátt í frábærum árangri liðsins í Ólísdeildinni þar sem liðið varð meðal annars Íslandsmeistari í fyrsta sinn. Að leikmannaferlinum loknum var hann aðstoðarþjálfari eitt tímabil með Þóri Ólafssyni.

Á ferlinum hefur Guðni leikið 195 leiki fyrir félagið og skorað í þeim 362 mörk. Guðni Ingvarsson á svo sannarlega heima í heiðurshöllinni.

Ásamt Guðna eru þeir Atli Kristinsson, Ramunas Mikalonis, Hörður Bjarnarson, Sebastian Alexandersson, Ómar Vignir Helgason og Gylfi Már Ágústsson meðlimir í heiðurshöll Selfoss handbolta.



Guðni Ingvarsson ásamt Þóri Haraldssyni formanni deildarinnar og Einari Sindra Ólafssyni varaformanni. Mynd: Aðsend.

Fáðu fagmann í verkið

Framúrskarandi fyrirtæki 2020-2025

PIÞULAGNIR
SUÐURLANDS

Háheiði 10, Selfossi
S. 699 1985 / 823 6656

NÝR TOYOTA bZ4X TOURING

FORSALA
ER HAFIN



Toyota Selfossi
Fosnesi 14
480 8000

Toyota
Selfossi

Kjötsúpuhátíð fagnar 20 ára afmæli

Kjötsúpuhátíðin á Hvolsvelli hófst sl. miðvikudag, 26. ágúst og fagnar hátíðin í ár 20 ára afmæli. Hátíðin hefur fest sig í sessi sem árlegur viðburður á Hvolsvelli og stendur yfir í fimm daga, eða til 30. ágúst. Fjölbreytt dagskrá er í boði alla helgina fyrir fólk á öllum aldri og líkt og undanfarin ár er aðgangur að hátíðinni og viðburðum hennar ókeypis.

„Það stefnir í fínasta veður og dagskráin stútfull. Íbúar hafa verið að undirbúa skreytingar alla vikuna og stemning fyrir súpuröltinu sem er ótrúlega skemmtileg hefð. 10. bekkur Hvolsskóla og KFR nýtir svo

hátíðina í fjáröflun og leggur mikla vinnu í framkvæmdina líka,“ segir Sigurmundur Páll Jónsson, markaðs- og kynningarfulltrúi Rangárbings eystra í samtali við Dagskrána.

Dagskrá helgarinnar Föstudagurinn byrjar á ljós-bolta í íþróttahúsinu fyrir yngri kynslóðina og svo Búbbulhlaupi fyrir þá eldri síðdegis. Um kvöldið fer fram hið þekkt og vinsæla súpurölt. Þá eru íbúar og fyrirtæki í bænum dugleg við að opna dyr sínar og bjóða gestum og gangandi upp á ýmsar tegundir af heimagerðum súpum.

Laugardagurinn 29. ágúst

verður þéttskipaður. Um morguninn stendur Kvenfélagið Eining fyrir flóamarkaði og kaffisölu í Hvolnum, auk þess sem Naflahlapið verður þá ræst. Eftir hádegi fer fram fjölskylduskemmtun á miðbæjartúninu þar sem hátíðin verður formlega sett. Seinni partinn verður opin vinnustofa hjá Sigrúnu Jónsdóttur listmálara að Ásvelli í Fljótshlíð og í Sveitabúðinni Unu mun ítalsk-íslenska tríóið Delizie Italiane flytja tónlist.

Laugardagskvöldið hefst á brekkusöng undir stjórn Guðrúnar Árnýjar í tjaldinu, en að honum loknum lýsir flugeldasýning upp himininn yfir Hvolsvelli. Að lokum stígur Stuðlabandið á stökk á Kjötsúpuballinu ásamt Friðriki Dór og Páli Óskari. Vert er að taka fram að 18 ára aldurstakmark er á ballið og ekki leyft að taka áfengi með inn. KFR sér um alla veitingasölu á laugardagskvöldinu í fjáröflunarskyni.

Sunnudaginn 30. ágúst lýkur hátíðinni á rólegri nótum. Þá leiðir Ísólfr Gylfi Pálmason fræðandi menningargöngu um Hvolsvöll og vinnustofan að Ásvelli verður opin áfram fyrir þá sem vilja njóta listar. Krakkarnir fá þó eitthvað fyrir sinn snúð þann daginn en Brúðubíllinn kemur á miðbæjartúnið eftir hádegið og skemmtir þeim þar.

Myndir frá Kjötsúpuhátíðinni í fyrra. Myndir: Aðsendar.

Náttúruleg

Útihúsgögn.is

Úti allt árið

Alvöru tréhúsgögn

Handsmíðuð Gæðavara

- Heimili og sumarhús
- Bæjarfélög og opin svæði
- Fyrirtæki og hótél

info@utihusgogn.is

Skoðaðu úrvallið

Borðbekkir

Garðbekkir

Borðsett 4 - 12 manna

Hringborð

Súperlagnir er alhliða þjónustufyrirtæki á sviði pípulagna á Selfossi

SÚPERLAGNIR

VIÐ TÖKUM AÐ OKKUR STÓR SEM SMÁ VERKEFNI

Símon Pípari sími: 664-8892 eða senda verkbeiðni á superlagnir@superlagnir.is

AÐALSKOÐUN

Eyravegur 51, 800 Selfoss
Sími 590-6996

Fyrir öruggari morgundag,
komdu í skoðun í dag



Einu sinni á ágústkvöldi - Ástin og Ísfólkið

Íkvöld, 27. ágúst kl. 19:30 verður rómantískur bókmennaviðburður á bókasafninu á Selfossi. Þá mæta bókmenntafræðingarnir Katrín Jakobsdóttir sem ætlar að fjalla um ástarsögur á sinn skemmtilega hátt og Brynhildur Björnsdóttir sem ætlar að segja okkur allt um sínar uppáhaldsbækur Ísfólkið.

Þetta er í annað sinn sem rómantíkin tekur völdin á safninu í ágústmánuði og það má þakka Bókasafnasjóði sem gaf hugmyndinni byr undir báða

vængi með myndarlegum styrk á síðasta ári.


Léttar veitingar og fallegir

harmonikkutónar munu einnig gleðja gesti og að sjálfsögðu eru öll hjartanlega velkomin.



MÁ ÉG SJÁ

TÆKIFAERIN FYRIR ÍSLENSKAN LANDBÚNAÐ?



JÁ TIL AÐ SJÁ

Að „forsmá ekki minningu afa síns“

1. desember 1918 var þjóðarsögulegur dagur. Þá endurheimtum vör Íslendingar að mestu það fullveldi sem bestu menn hérlandis höfðu „barist“ fyrir í 656 ár, eða frá því er meiri hluti íslenskra valdamanna gáfu sig fyrir einbeittum vilja norska konungsvaldsins til innlimunar Íslands í ríki sitt. Sá gjörningur leiddi af sé að erlend lög tóku gildi hér og í tímans rás breyttist Alþingi okkar úr því að vera löggjafar- og dómsskiping, yfir í að vera dómstóll í innanlandsmálum og að auki eins konar afgreiðslustofnun fyrir erlendar tilskipanir.

Vel lesnir menn, sem þekktu sögu þjóðarinnar „börðust“ með vitsmunum og snilli, fyrir fullveldinu sem vör öðluðumst 1. desember 1918. Mörgum Íslendingum „hló þá hugur í brjósti.“ Einn þeirra var Árni Árnason, þá 22ja ára bóndi í Ósgröf (hjá Skarfanesi) í Land-

sveit, síðar bóndi í Ölversholtshjáleigu í Holtum. Vegna þessa stóratburðar lagði hann það á sig – og það að vetri til – að fara fótgangandi ofan úr Landsveit og til Reykjavíkur til að vera viðstaddur fullveldistökuna. Einn sonarsonur Árna sagði við mig, að hann „ætlaði ekki að forsmá minningu afa síns með því að segja já í komandi kosningum.“ Ég vona að aðrir afkomendur Árna frá Ölversholtshjáleigu séu sömu skoðunar og sýni það í verki. Ennfremur, þið öll hin sem þetta lesið; sýnið minningu forfeðra ykkar og formæðra þá virðingu að segja nei í kosningunum.

Árið 1918 hefur fæstum boðið í grun að 108 árum síðar væru skammssýnnir stjórnmálamenn og „kjaftatuðrur“ að reyna að villa þjóðinni sýn og fá landsmenn til þess að „kasta frá sér“ fullveldinu og láta innlimast í Evrópu-stórveldið, undir því ósanninda-

yfirsikni, að „kíkja“ eigi í þann „pakka“ sem allir glöggir menn vita hvað inniheldur, „pakka“ sem leiða mun til fullveldisafsals.

Farsælustu tímaskeið flestra þjóða eru þegar þær ráða sínum málum sjálfar, eins og hefur t.d. sýnt sig með rúmlega einnar aldar fullveldi okkar. Það tók okkur 656 ár að losna undan afglöpunum 1262. Ef við nú köstum frá okkur fullveldinu og gerumst hérað í Evrópustórveldinu, þá næðum við fullveldinu aldrei til baka – hér er allt í húfi. Ég vil því biðja allt þjóðhollt fólk um að fara á kjörstað í komandi kosningum og sýna þá vitsmuni, að segja NEI við þeim gjörningi sem óþjóðhollir stjórnmálamenn og þeirra hækjulið er að reyna að blekkja þjóðina til að samþykkja.

Gunnar Guðmundsson
frá Heiðarbrún



Einar Sverrisson aðstoðarþjálfari meistaraflokks karla

Handknattleiksdeild Umf. Selfoss hefur samið við Einar Sverrisson um að ganga inn í þjálfarateymi meistaraflokks karla fyrir komandi tímabil. Hann mun verða Erni Þrastarsyni til halds og trausts með meistaraflokkinn í vetur.

Einar Sverrisson þarf vart að kynna fyrir Sunnlensku handbolta áhugafólki, þó viðar væri leitað. Hann er leikjahæsti og markahæsti leikmaður Selfoss frá upphafi en hann lék 272 leiki og skoraði í þeim 1204 mörk. Það er ómetanlegt fyrir ungt lið Selfoss að fá þennan reynslubolta til að miðla sinni þekkingu.

Handknattleiksdeild Selfoss býður Einar hjartanlega velkominn í teymið og væntist mikils af hans innleggi.

UMFS

Bæjarráð Hveragerðis krefst svara frá ríkinu um strætó

Á síðasta fundi bæjarráðs Hveragerðis var samþykkt tillaga frá Okkar Hveragerði þess efnis að bærinn gangi eftir skýrum svörum og forsendum frá Vegagerðinni og innviðar-áðuneytinu vegna boðaðra breytinga á almenningssamgöngum milli Suðurlands og höfuðborgarsvæðisins.

Bæjarstjóra hefur verið falið að koma fyrirspurnum Okkar Hveragerðis á framfæri og óska eftir þeim upplýsingum og forsendum sem liggja að baki fyrirhugaðri endurskoðun á þjónustunni.

Almenningssamgöngur eru ein af lífæðum samfélagsins. Þær snúast um grunnforsendur búsetu, atvinnusóknar og náms. Málið er sérstaklega knýjandi nú þegar undirrituð hefur verið viljayfirlýsing um uppbyggingu námsmannaíbúða í Hveragerði. Ef við ætlum að laða að námsmenn og ungt fólk er óboðlegt að samtímis ríki óvissa um hvernig fólk kemst í framhalds- og háskóla. Uppbygging námsmannaíbúða og hugsanlegur niðurskurður á strætó fara einfaldlega ekki saman.

Við óskum ekki aðeins eftir upplýsingum um tímatöflur, fargjöld og faglegan rökstuðning, heldur leggjum við jafnframt



áherslu á raunhæfar úrbætur. Sérstaklega þarf að skoða þann möguleika að að lágmarki ein ferð á morgnana á háanna-tíma gangi beint á BSÍ án tafa við vagnaskipti í Mjódd. Slíkt myndi spara námsmönnum og starfsfólki í miðbæ Reykjavíkur og við Landspítalann dýrmætan tíma á hverjum einasta degi og gera almenningssamgöngur að raunhæfum kosti.

Það er mikilvægt að sveitarfélög á Suðurlandi standi vaktina og tryggi að ákvarðanir um grunnþjónustu séu teknar í virku samráði við íbúa og kjörna fulltrúa. Okkar Hveragerði mun fylgja málinu eftir og upplýsa íbúa um framgang þess um leið og svör berast frá stjórnvöldum.

Lásur Jónsson,
bæjarfulltrúi Okkar
Hveragerðis

Gáta vikunnar

Sjálf hún inn í gatið gengur, getur valdið fingrum mein. Með slíkri flugvél flýgur lengur, á flestum skipum svona er ein.

Svar við gátu í blaði 2866: **Liður**
1. **Liður** í beinagrind, t.d. axlaliður
2. **Liður** í reikningi - 3. **Ættliður** - 4. **Liður** í hári



Súkkulaðibitakökur ömmu

Matgæðingur vikunnar er Macey Lynn



Takk, kæra Martina, fyrir að tilnefna mig. Ég heiti Macey og er frá Indiana í Bandaríkjunum. Hér er uppskrift að klassískum amerískum súkkulaðibitakökum, alveg eins og amma mín bakaði alltaf fyrir mig.

Nana's Brown Butter Chocolate Chip Cookies

280 g ósaltað smjör, kalt úr ísskápnunum er í lagi
200 g ljós eða dökkur púður-sykur
120 g sykur
2 stór egg
1 tsk. vanillustöngumauk eða vanilludropar
300 g hveiti
½ tsk. lyftiduft
½ tsk. matarsódi
6 g (2 tsk) salt
440 g dökkt súkkulaði, saxað

Hitið ofninn í 180 °C. Klæðið tvær ofnplötur með bökunarpappír.

Setjið smjörið í meðal-stóran pott og hitið við meðalháan hita. Hitið þar til smjörið hefur bráðnað og haldið síðan áfram að hita það. Hristið pottinn reglulega og hrærið með pisk, þar til smjörið freyðir og verður gullinbrúnt og fær hnetukennt bragð. Þetta ætti að taka um 4–5 mínútur.

Vigtið 220 g af brúnaða smjörinu í meðalstóra skál og látið það kólna í 20–25 mín-

útur svo það eldi ekki egginn þegar þeim er blandað saman.

Bætið púðursykrinum og sykrunum saman við brúnaða smjörið í skálinni og hrærið vel saman.

Bætið egginu út í og piskið vel í 1–2 mínútur, eða blandið með rafmagnshrærivél, þar til blandan hefur ljósnað og þykknað.

Bætið vanillunni út í og blandið vel saman.

Bætið hveiti, lyftidufti, matarsóða og salti út í. Blandið saman með sleikju þar til enn sjást nokkrar rákir af hveiti – þetta er til að koma í veg fyrir að deigið sé ofhrætt.

Bætið súkkulaðinu út í og blandið því saman við deigið með sleikju.

Mótið kúlur úr deiginu, um 30 g í hverja köku, og setjið á tilbúnu ofnplötturnar. Dreifið kökunum jafnt yfir plöturnar og hafið gott bil á milli þeirra.

Bakið kökurnar í 11–13 mínútur eða þar til kantarnir eru orðnir stífir.

Ég tilnefni tengdamóður mína, Evu Arnardóttur. Hún er ekki bara yndisleg tengdamóðir og besta amma, heldur er hún líka frábær kokkur. Mér dytti aldrei í hug að hafna því að fá mat hjá henni.

Matgæðingar eru beðnir að senda á dfs@dfs.is uppskrift ásamt mynd af sér eigi síðar en á sunnudegi.



STUTT LÝSING Á SUMRI

Eldar. Sumarið logar fjórfalt úr öllum áttum. Akasiulundir standa í fögrum blóma. Í vINGÖRÐUM glittir í grænan anda vÍNSINS og valmúanum blæðir út í fræinu.

Það skyggir og máninn gengur yfir silfurbrúna. Heimurinn er eins og nýbakað brauð og nóttin lætur allt eftir honum.

JAN SKÁCEL, Tékklandi (1922-1989)
Þór Stefánsson þýddi eftir enskri þýðingu
Felix Philipps Ingold og Germaines Droogenbroodt

Útgefandi: Prentmet Oddi, Gagnheiði 17, 800 Selfoss, sími 482 1944, dfs@dfs.is, dfs.is.
Ritstjóri: Björgvin Rúnar Valentinsson, sími 482 1944, dfs@dfs.is.
Bládamáður: Sæbjörg Erla Gunnarsdóttir, sími 482 1944, saebjorg@dfs.is.
Auglýsingaheild: Sími 482 1944, auglysingar@dfs.is.

Dagskráin kemur út á hverjum fimmtudegi. Upplag 4.500 eintök. Allt efni og auglýsingar berist fyrir hádegi á þriðjudögum.

Dreift ókeypis í allar sýslur austan Hellisheiðar. Dagskráin er aðili að samtökum bæjar- og héraðsfréttablaða.

ISSN 1670-407X

Prentun: Prentmet Oddi

Svansvottuð prentsmíða

Svo skal böll bæta að bíða annað meira

Nú er verið að bæta og laga strætókerfið hér í Árborg og varð einum svo að orði í heita pottinum að nú skyldi bæta þjónustuna með því að fækka ferðum og yrði bestur árangur með því að leggja þjónustuna niður.

Það var að sjá og mátti heyra í aðdraganda síðustu sveitarstjórnarkosninga að Sjálfstæðismenn virtust ekki skilja hugtakið „almenningsamgöngur“, því það var staglast á orðunum skólastrætó, tómstundastrætó og sundvagnar.

Til að útskýra fyrir sjálfstæðismönnum og öðru fólki innan Árborgar að hugtakið almenningssamgöngur lýtur að nokkrum auðgreindum þáttum:

- 1) koma fólki úr og í vinnu = frá heimili og til vinnu, og svo til baka.
- 2) koma fólki til og frá verslun, þjónustu og afþreyingu (s.s. íþróttum)
- 3) að skólafólk komist á milli heimilis, skóla og afþreyingar.

Miðað við það sem heyrst hefur um komandi strætisvagnakerfi verður lífsins ómögulegt fyrir almenning eins og mig að

nota strætó frá Eyrarbakka til Selfoss án þess að hanga þar í nokkra klukkutíma eftir ferð til baka eða fara á puttanum á milli staða, sem ég geri orðið nokkuð oft eftir að 20:30 ferðin niður eftir frá Krónunni var tekin af.

Svo ég legg fram framtíðartillögu um akstur Árborgarstrætó:

Einn vagn fari á klukkustundar fresti frá N1 og stoppi þrisvar [Krónan, Tónlistarskólinn og Nettó] áður en farið er niður í Tjarnarbyggð og svo áfram á Eyrarbakka og Stokks-eyri og víxlar ferðunum á milli strandabæjanna (önnur hver byrjar á Eyrarbakka) frá mánu- degi til laugardags frá kl. 06:00 til 23:00 en mun minna á sunn- dögum. Þessi vagn fer svo frá þorpunum og stoppar aftur við Nettó, Tónlistarskólann og ráð- húsið og svo beint inn á N1. Sem stendur getur enginn notað þær almenningssamgöngur sem fyrir hendi eru til að komast í og/eða úr vinnu. (Miðbærinn opnar kl. 10:00 og lokar kl. 22:00).

Á N1 yrðu svo fjórir minni vagnar sem fara réttisælis og rangsælis um Selfoss, svo ekki líði meira en 20 mínútur á milli vagna í hringnum, þó ekki endi-

lega sama hringinn. Þessir vagnar stoppi við verslanir, iðnaðar- svæði, skóla og afþreyingar- staði og þessa innanbæjarvagna ætti skólafólk að geta notað eða hreinlega gengið, því það skóla- og tómstundakerfi sem verið hefur við lýði er eyðsla á almennafé og vannýting á bif- reiðarstjórum.

Það skal bent á að senn kemur ný brú austan megin við Mjólkurbúið og það eru áform um að flytja tjaldsvæðið norðan- megin við ána, þ.e. nálægt skóg-

ræktinni. Þess má einnig geta að undirritaður hefur séð áætlanir um frekari uppbyggingu norðan ár og þarf því að tengja það svæði við strætókerfið.

En ég tel engar líkur á að það verði teknar skynsamlegar ákvarðanir um almenningssam- göngur í Árborg svo líkast þá neyðist maður til að kaupa bíl eða flytja.

Tómas V. Albertsson
MA-Cert activism & social
change
University of Leeds



Norconsult semur við Eyjagöng

Eyjagöng ehf. hafa gengið frá samningi við norska ráðgjafafyrirtækið Norconsult um að vinna heildstætt kostnaðar- og fýsileikamat á gerð neðan- sjávanganga milli lands og Eyja. Verkefnið er mikilvægur áfangi í að kortleggja tæknilegar for- sendur samgöngubótar sem get- ur tryggt heilsárs veltengingu meginlandsins við Vestmanna- eyjar.

Norconsult býr yfir viðtækri reynslu af hönnun og mati á flóknum neðansjávangöngum meðal annars í Noregi og Fær- eyjum og á alþjóðavísu. Nor- consult mun nýta nýjustu gögn og alþjóðlega sérþekkingu til að meta raunhæfni verkefnisins út frá þeim jarðfræðigögnum sem Eyjagöng hefur aflað í sumar og helstu staðla um öryggiskröfur í jarðgöngum til að finna út áæt- laðan framkvæmdakostnað.

Samhliða þessu hafa innlend- ir ráðgjafar félagsins, verkfræði- stofurnar Efla og Völuberg, haft yfirumsjón og eftirlit með rannsóknarborunum á svæðinu. Sérfræðingar þeirra vinna nú að samantekt á jarðfræðilegum for- sendum og munu jafnframt skila ítarlegri kostnaðar- og fýsileika- greiningu á framkvæmd jarð- ganganna, eins og áður hefur komið fram.

Markmið samstarfsins er að nýta og auka þekkingu einnar af

færstu verkfræðistofum heims á sviði jarðgangagerðar og að þetta matið á þeirri greiningu sem Efla og Völuberg eru nú þegar að vinna með Eyja- göngum. Þannig verða samhliða unnin tvö óháð kostnaðarmót fyrir verkefnið.

Félagið áætlað að kynna niðurstöður fýsileikamatsins og annara greininga í lok ársins.

Rannsóknarborunum í Land- eyjasandi lýkur í lok þessa mán- aðar, í heildina hafa verið bor- aðir 225,5 metrar af þeim 300 metrum sem fyrirhugaðir eru. Fyrir í sumar var unnin greining á hafsbotninum í Eyjasundi ásamt því að félagið framkvæmdi kjarnaborun í Vestmannaeyjum.



Mynd: Aðsend.

JÚDÓ HJÁ UMFS

Fjölbreyttar og skemmtilegar æfingar sem efla styrk, sjálfstraust og jafnvægi.

Flokkar: 6–7 ára | 8–10 ára | 11–14 ára | 15+

2 fríir prufutímar – nóg að mæta í venjulegum íþróttafötum!
Hægt að nýta frístundastyrkinn.

Erum staðsett í Sandvík fyrir framan sundhöllina.

NÝ HAUSTÖNN HEFST!

29. ÁGÚST

UMF
SELFLOSS
1936

FYRIR ALLA ALDURSHÓPA

Auglýsing um kjörfund vegna þjóðaratkvæðagreiðslu 29. ágúst 2026 í Sveitarfélaginu Árborg



Sveitarfélagið
ÁRBORG

Kjörfundur vegna þjóðaratkvæðagreiðslu í Sveitarfélaginu Árborg
verður haldinn **laugardaginn 29. ágúst 2026.**

Kjörfundur hefst kl. 9:00 og lýkur kl. 22:00.

Kosið er í sjö kjördeildum. Skipt er í kjördeildir eftir lögheimili þann 22. júlí 2026.

Kjörstaður í Vallaskóla, Sólvöllum 2, Selfossi (kjördeildir 1-5)

Aðalinngangur á kjörstað í Vallaskóla er frá Engjavegi.

1

Kjördeild 1

Kjósendur með lögheimili við götur á Selfossi sem byrja á
bókstöfunum **A - Á og Þ auk Háengi. Íslendingar búsettir erlendis.**

2

Kjördeild 2

Kjósendur með lögheimili við götur á Selfossi sem byrja á
bókstöfunum **B - E auk Fossvegs.**

3

Kjördeild 3

Kjósendur með lögheimili við götur á Selfossi sem byrja á
bókstöfunum **F - H en ekki við Fossveg og Háengi.**

4

Kjördeild 4

Kjósendur með lögheimili við götur á Selfossi sem byrja á
bókstöfunum **J - R og ótilgreint lögheimili** í sveitarfélaginu.

5

Kjördeild 5

Kjósendur með lögheimili við götur á Selfossi sem byrja á
bókstöfunum **S - V og í húsum á Selfossi sem bera sérstök heiti.**

Kjósendur geta kannað
hvar þeir eru á kjörskrá
og í hvaða kjördeild á
vefslóðinni www.kosning.is

Kjósendum er skylt að
framvísa persónuskilríkjum
með mynd á kjörstað.

Aðsetur yfirkjörstjórnar á
kjördegi verður í Vallaskóla,
Sólvöllum 2, Selfossi,
sími 833 5368

Kjörstaður í grunnskólanum á Stokkseyri, Stjörnusteinum 2 (kjördeild 6)

6

Kjördeild 6

Kjósendur með lögheimili **á Stokkseyri, í dreifbýli við Stokkseyri
og í póstnúmeri 801, en ekki í Tjarnabyggð.**

Kjörstaður í samkomuhúsinu Stað á Eyrarbakka, Búðarstíg 7 (kjördeild 7)

7

Kjördeild 7

Kjósendur með lögheimili á **Eyrarbakka, í dreifbýli við
Eyrarbakka og í Tjarnabyggð.**

Selfossi, 19. ágúst 2026

Yfirkjörstjórn
Sveitarfélagsins Árborgar
Ingimundur Sigurmundsson
Steinunn Fjóla Sigurðardóttir
Steinunn Erla Kolbeinsdóttir



F.v. Vilhjálmur Sörli Pétursson, Aldís Sigfúsdóttir og Jónas Yngvi Ásgrímsson.

Nýir meðlimir í framkvæmdastjórn Fischerseturs á Selfossi

Á stjórnarfundum Fischerseturs á sl. mánuði var það samþykkt að Vilhjálmur Sörli Pétursson kæmi inn í framkvæmdastjórn og að Aðalsteinn Geirsson yrði varamaður. Í framkvæmdastjórn eru auk Vilhjálms þau Aldís Sigfúsdóttir og Jónas Yngvi Ásgrímsson.

Framkvæmdastjórnin sér um daglegan rekstur stofnunarinnar. Núna yfir sumarmánuðina og út septembermánuð er Fischer-setrið opið daglega frá 13:00 til 17:00.

En yfir vetrarmánuðina er það opnað samkvæmt óskum. Það sem af er sumri hefur aðsóknin verið með ágætum eða um 15-20 gestir á dag og langflestir þeirra erlendir ferðamenn sem ferðast á eigin vegum. Flestir gestanna eru frá Bandaríkjunum en annars koma gestirnir frá öllum heimsálfum og alltaf eitthvað um að Íslend-

ingar komi. Sumir koma gagnert til landsins að heimsækja Fischersetur og margir fara og votta Bobby Fischer virðingu sína og heimsækja gróf hans við Laugardælakirkju, en þar er hann jarðsettur.

Gestir hafa sagt að Fischer-setur sé með áhugaverðustu skáksöfnum í heiminum, ekki síst hvað varðar einn stærsta viðburð skáksögunnar, heimsmeistaraeinvígi allra tíma eins og það er kallað milli Boris Spassky og Bobby Fischer 1972 í Laugardalshöll í Reykjavík.

Stundum hefur verið boðið hefur verið upp á skákennslu í Fischersetri fyrir grunnskóla-börn í Árborg og nágranna-sveitarfélögum.

Einnig má nefna að SSON-Skákfélag Selfoss og nágrennis er með skákæfingar vikulega í Fischersetri á veturna og eru allir velkomnir, ungir sem aldnir.

Gæðastjórnun snýst um menningu

Verkefna- og gæðastjóri HSU leiðir fjölbreytt verkefni gæðateymisins sem er í fararbroddi umbótastarfs stofnunarinnar sem gerir markvissa greiningu á ferlum í nánú samstarfi við stjórnendur og starfsfólk. Starfið felur í sér stöðuga endurskoðun á verklagi með það að markmiði að einfalda vinnuferla, draga úr óþarfa álagi og nýta tíma og mannauð betur.

Verkefna- og gæðastjóri leiðir fjölbreytt verkefni gæðateymisins sem er í fararbroddi umbótastarfs stofnunarinnar sem gerir markvissa greiningu á ferlum í nánú samstarfi við stjórnendur og starfsfólk. Starfið felur í sér stöðuga endurskoðun á verklagi með það að markmiði að einfalda vinnuferla, draga úr óþarfa álagi og nýta tíma og mannauð betur.

Starfið er margbreytilegt þar sem þjónusta HSU er svo víðtæk. Gæðastjórnun snýst ekki eingöngu um reglur og eftirlit heldur um að skapa menningu þar sem starfsfólk tekur virkan þátt í umbótum og fær tækifæri til að leggja sitt af mörkum.

Það getur verið áskorun að breyta verklagi sem hefur verið við lýði í langan tíma. Umbóta- og þróunarstarf HSU hefur eflst mikið á síðustu árum með öflugri stoðþjónustu og góðu



samstarfi þvert á stofnunina um allt umdæmið. Inga bætir við;

„Árangur næst þó aðeins þegar allir vinna saman að sameiginlegu markmiði og við finnum sterkan vilja hjá starfsfólki til að gera gott starf enn betra.“

Inga segir fátt jafnast á við það þegar stór verkefni ganga upp og ávinningurinn er augljós.

„Við höfum til dæmis staðið fyrir vinnustofum með nokkrum einingum undanfarna mánuði. Úr þeirri vinnu hafa komið rúmlega 200 umbótatillögur frá starfsfólkinu sjálfu sem við höfum þegar hrint í framkvæmd eða afgreitt. Markmiðið með þeim er að auka starfsánægju, einfalda vinnuferla og gera þjónustuna enn skilvirkari.“

Sem umbótaþenkjandi vinnustaður leggur HSU mikla áherslu á atvikaskráningar og lítur á þær sem tækifæri til umbóta. Inga segir að mikilvægt er að öll atvik séu skráð, óháð því hver olli þeim eða hversu alvarleg þau kunna að vera. Með skráningu er hægt að læra af atvikum og koma í veg fyrir að sambærileg atvik endurtaki sig.

„Umbótastarfi lýkur aldrei og það er einmitt það sem gerir starfið svo skemmtilegt. Með stöðugum umbótum getum við aukið skilvirkni, dregið úr óþarfa álagi og stuðlað að meiri starfsánægju. Þannig skapast meira svigrúm fyrir starfsfólk til að sinna því sem skiptir mestu máli, að veita örugga og framúrskarandi heilbrigðisþjónustu.“ HSU

Kjörstaðir í Sveitarfélaginu Árborg



Kjörstaðir í Bláskógabyggð



Laugardaginn 29. ágúst nk verður kjörfundur vegna þjóðaratkvæðagreiðslu um hvort Ísland hefji aðildarviðræður við Evrópusambandið að nýju.

Kjörstaðir í Bláskógabyggð vegna þjóðaratkvæðagreiðslunnar eru tveir:

- I. Reykholtsskóli, Reykholti, fyrir kjósendur í Biskupstungum. Einnig fyrir Íslendinga búsetta erlendis og einstaklinga með ótilgreint heimilisfang.
- II. Bláskógaskóli, Lindarbraut 6, Laugarvatni, fyrir kjósendur í Laugardal og Þingvallasveit.

Kjörfundur hefst í báðum kjördeildum kl. 10:00 og lýkur kl. 22:00.

Kjósendur skulu hafa meðferðis persónuskilríki og framvísa þeim ef óskað er.

Yfirkjörstjórn Bláskógabyggðar mun hafa aðsetur í Reykholtsskóla. Sími formanns er 868 2684.

Yfirkjörstjórn Bláskógabyggðar



Harpa Valey framlengir

Harpa Valey Gylfadóttir hefur skrifað undir nýjan samning við handknattleiksdeild Umf. Selfoss til tveggja ára. Harpa kom á Selfoss fyrir þremur árum og hefur verið lykilleikmaður í liðinu allar götur síðan. Hún er virkilega öflug á

báðum endum vallarins og býr yfir miklum hraða.

Handknattleiksdeild Selfoss er mjög ánægð með framlenginguna og spennt að fylgjast með Hörpu halda áfram að bæta sig í vinnu síni. UMFS

Höfum kjark til að horfa á staðreyndir

Umræðan um Evrópumál hefur um áratugaskeið verið eitt stærsta spurningamerkið í íslenski stjórnmálaumræðu. Um þessar mundir heyrir ítrekað að málið sé svo eldfimt að það sé að kjúfa þjóðina í herðar niður og færi okkur ekkert nema að sundrung. Því vísa ég algjörlega á bug.



Samtal er merki um heilbrigði

Lýðræðislegt samtal – meira að segja um erfið og stór mál – er ekki merki um veikleika eða hættulegan klofning, þvert á móti gerir það okkur gott sem þjóð. Það krefst þess að við stöldrum við, greinum hagsmunum okkar, spyrjum hvort annað erfiðra spurninga og veltum því fyrir okkur hvaða leið sé best fyrir okkur, komandi kynslóðir og framtíð Íslands.

Tæpur meirihluti en mikil ánægja í dag

Ef horft er til nágranna okkar á Norðurlöndunum, Svíþjóðar og Finnlands, má sjá mjög áhuga-verða sögu. Þegar þessar þjóðir kusu um inngöngu í Evrópusambandið haustið 1994 var niðurstaðan alls ekki afgerandi eða einhliða. Í Finnlandi kusu 56,9% með inngöngu en 43,1% á móti. Í Svíþjóð var staðan enn tæpari; þar kusu 52,3% með samningnum en 46,8% á móti. Í báðum löndum var umræðan lífleg, skoðanir skiptar og mikill ótti við breytingar hjá stórum hluta þjóðarinnar.

En hver er staðan í dag, þremur áratugum síðar? Ánægjan með veruna í Evrópusambandinu í þessum tveimur löndum er með því hæsta sem gerist í Evrópu. Samkvæmt mælingum Eurobarometer telja um 80% Finna og allt að 85% Svía að vera þeirra í Evrópusambandinu hafi verið heillaskref og eru ánægðir með sambandsaðildina. Þeir sem óttuðust breytingarnar á sínum tíma sáu að framtíðarhagsmunum þjóðarinnar var betur borgið innan sambandsins en utan, ekki síst þegar kemur

að efnahagslegum stöðugleika, alþjóðlegu samstarfi og öryggismálum.

Úr EES við samningsborðið

Líkt og Ísland voru bæði Svíþjóð og Finnland hluti af EES-samningnum áður en þau tók skrefið alla leið. EES-samningurinn var þeim öflug brú, en niðurstaða þeirra var að lokum sú að hagsmunum þjóðarinnar væri betur borgið við samningsborðið sjálft – þar sem ákvarðanirnar eru teknar.

Að meta valkosti af yfirvegum

Það að ræða ESB-aðild, hvort og hvernig aðild að sambandinu myndi hljóða fyrir íslenskt samfélag snýst ekki um að kasta eigin sjálfstæði á glæ, heldur snýst það um að meta valkosti okkar af yfirvegum. Við þurfum að hafa kjark og þor til að taka samtalið, horfa á staðreyndir málsins, vega og meta aðildar-samninginn sem okkur býðst og taka ákvarðanir út frá raunverulegum hagsmunum Íslendinga.

Fyrir framtíð Íslands

Samtal um framtíðina er nauðsynlegt og heilbriggt í lýðræðis-samfélagi. Með því að þora að taka samtalið af málefnalegum grunni tryggjum við að ákvarðanir sem við tökum í dag þjóni ekki bara líðandi stundu heldur tryggji Íslandi blómlega framtíð fyrir komandi kynslóðir.

Því segi ég já þann 29. ágúst nk.

Sandra Sigurðardóttir
Þingmaður Viðreisnar
í Suðurkjördæmi

Kjörfundur í Sveitarfélaginu Ölfusi þjóðaratkvæðagreiðsla 2026



Kjörfundur vegna þjóðaratkvæðagreiðslu um aðildarviðræður við ESB í Sveitarfélaginu Ölfusi verður haldinn laugardaginn 29. ágúst 2026.

Kjörfundur hefst kl. 9:00 og lýkur kl. 22:00.

Athugið breyttan kjörstað en kosið verður í Grunnskólanum – Egilsbraut 35.

Kosið verður í tveimur kjördeildum og eru þær báðar í Grunnskóla Þorlákshafnar, Egilsbraut 35 í Þorlákshöfn:

- Í kjördeild 1 kjósa þeir sem hafa heimilisfang (bæjarnafn eða götuheiti) sem byrja á bókstöfunum A-K
- Í kjördeild 2 kjósa þeir sem hafa heimilisfang (bæjarnafn eða götuheiti) sem byrja á bókstöfunum L-Ö og kjósendur sem eru með ótilgreint lögheimili í Sveitarfélaginu Ölfusi.

Sérstök athygli er vakin á því að kjósendum er skylt að gera kjörstjórn grein fyrir sér með því að framvísa persónuskilríkjum með mynd. Þeir sem notast við rafræn ökuskírteini verða að vera með island.is appið í símanum.

Sveitarfélagið Ölfus tekur þátt í prófun á rafrænni kjörskrá í samvinnu við Þjóðskrá og vegna þess verður einnig notast við tölvur við skráningu kjósenda.

Aðsetur yfirkjörstjórnar á kjördegi er á kjörstað.

Yfirkjörstjórn Sveitarfélagsins Ölfuss



Listrými býður upp á spennandi námskeið á haustönn

Listrými er skóli, gallerí og vinnustofa Guðrúnar Arnþísar Tryggvadóttur sem nýlega færði út kvíarnar og hefur nú yfir rúmgóðu atvinnuhúsnæði að ráða að Mánamörk 3-5 í Hveragerði þar sem starfsemin er rétt að smella í gang. Listrými býður upp á alls konar námskeið, sýningar og vinnustofur. Fyrsta námskeiðið, Módelteiknun og málun, er á laugardögum eftir hádegi í september. Í október byrja síðan námskeiðin Hugmynd verður mynd og Listmálun, að láta efnið tala. Í nóvember verður vatnslitamálan tekin föstum tókum með áherslu á að vatn, litur og hugur komi saman og skapi nýjan og spennandi heim.

Guðrún er sannfærð um að allir geti lært að teikna og mála og að listsköpun sé í raun lykillinn að því að kynnst sjálfum sér. Markmiðið þarf ekki endilega að vera að búa til listaverk

í skilningi þess orðs heldur að vinna með hugsanir og reynsluheim og gera tilraunir með að ná tangarhaldi á hugmyndaheimi okkar og verða skapandi.

Guðrún nam við Myndlista- og handíðaskóla Íslands, École Nationale Supérieure des Beaux-Arts í París og Akademie der Bildenden Künste í München. Hún hefur sýnt víða og hlotið fjölda viðurkenninga. Verk hennar byggja á sterkum hugmyndafræðilegum og oft sögulegum grunni en hún gerir sífellt tilraunir með nýja tækni og frásagnaraðferðir í list sinni. Guðrún stofnaði listaskólann RÝMI, hönnunarstofu og umhverfisvefinn Náttúran.is og hefur rekið LISTRÝMI sl. fimmtán ár, í átta ár innan veggja Listasafns Árnesinga í Hveragerði en síðan á eigin vinnustofu á Selfossi.

Opin hús eru haldin reglulega í LISTRÝMI galleríu og vinnu-

stofu en opnunartímar á öðrum tímum eru eftir samkomulagi. Bæði einstaklingar og hópar eru hjartanlega velkomnir en vinsamlegast bókið heimsóknina tímanlega.

Allar frekari upplýsingar um námskeiðin og feril Guðrúnar er að finna á tryggvadottir.com. Hægt er að heimsækja Listrými á Facebook og listrymi á Instagram til að fá frekari upplýsingar.



FLÓAHREPPUR

Þjóðaratkvæðagreiðsla
um aðildarviðræður við ESB



DAGSETNING
29. ÁGÚST 2026



KJÖRSTAÐUR
ÞJÓRSÁRVER



KJÖRSTAÐUR OPNNN
9:00 – 20:00

YFIRKJÖRSTJÓRN FLÓAHREPPS



**Kjörfundur í
Grímsnes- og Grafningshrepp
þjóðaratkvæðagreiðsla 2026**

Kjörfundur vegna þjóðaratkvæðagreiðslu um aðildarviðræður við ESB verður í **Íþróttamiðstöðinni á Borg í Íþróttasalnum 29. ágúst 2026**

**Kjörstaður verður opinn
frá kl. 10:00 -18:00**

Kjósendur geri grein fyrir sér með því að framvísa persónuskilríkjum með mynd.

*Kjörstjórn
Grímsnes- og Grafningshrepps*

Hugmyndir spretta um allt land!

Við hjálpum þeim að vaxa

**UMSÓKNARFRESTUR TIL
1. SEPTEMBER**

Skráning á
www.startuplandid.is



FUNDIR



Krabbameinsfélagið

OPNUNARTÍMAR

Mánudaga kl. 11-14
Opið hús

Þriðjudagar kl. 11-13
Upprekjur

Þriðjudagar kl. 14-16
Unga fólkið

Miðvikudagar kl. 11-14
Opið hús

Fimmtudagar lokað
Viðburðir auglýstir sérstaklega á Brosiðunni

Föstudagar kl. 11-13
Opið hús

Fyrsta þriðjudag í mánuði
Karlahöpurinn Smárarnir kl. 18
Eyravegur 31, Selfossi

Sími 482 1022 og 788 0300
arnessysla@krabb.is
krabbameinsfelagarnessyslu.net

Facebook: Krabbameinsfélag
Árnessýslu/Brosið/Smáranir

Al-Anon Selfossi

Al-Anon fundir - einn dagur í einu, alla laugardaga.
Nýliðafundur hefst 9:30 og Al-Anon fundur strax að honum loknum klukkan 10:00.

Al-Anon Selfossi

Al-Anon fundir á þriðjudögum í Hrísholti 8. Nýliðafundur kl. 20:00. Fundur kl. 20:30.

AA

Mán. kl. 20:30 - AA fundur
Þrið. kl. 19 - AA konufundur
Mið. kl. 19:30 - AA fundur
Fim. kl. 20 - AA karlafundur
Fös. kl. 20:30 - AA fundur
Lau. kl. 21 - AA opin fundur
Sun. kl. 11 og 21 - AA fundur
AA Hrísholti 8, Selfossi.
Nánari upplýsingar á aa.is.

Polskie mitingi

Polskie mitingi aa grupa krokus. Poniedziałek i czwartek i sobota godzina 19:00. Hrísholt 8 - 800 Selfoss.

AA Sporgöngufólk f. alla

Bókasafn
Hafnarberg 1 - 815 Þorlákshöfn
Klukkan 11-12 sunnudag.

AA opin fundur f. alla

Kirkjan kjallari
Skálholtsbraut - 815 Þorlákshöfn
Klukkan 20:00 fimmtudag.

CoDA

Bataleið frá meðvirkni

Fundur alla laugardaga kl. 10:30.
Hrísholti 8, Selfossi.
Nánari upplýsingar á coda.is.

CoDA-fundur / Meðvirkni

Bókasafn Ölfuss, Hafnarbergi 1, Þorlákshöfn
Mánudaga kl. 19:30.

Leiðin út á þjóðveg

Fundur í Rauðakrosshúsinu, Mánamörk 1, Hveragerði, neðri hæð, miðvikudaga kl. 19:30.

AA fundir í Hveragerði í húsi Rauða krossins. Mánamörk 1

Mánudaga Kl.18 - Konur
Fimmtudaga Kl.18 - Sporafundur - Konur

Suðurland á mikið undir

Suðurland er heimili mitt.

Ég fæddist á Selfossi, ólst upp í Hveragerði og starfaði lengst af í fjölskyldufyrirtækinu okkar, Kjörís. Þar lærði ég að verðmæti verða ekki til af sjálfu sér. Þau verða til vegna fólksins sem fær hugmyndir og skapar úr þeim verðmæti með vinnusemi sinni.

Þetta á einnig við um samfélagin okkar hér á Suðurlandi. Bændur hafa ræktað landið, sjómenn sótt sjóinn og frumkvöðlar byggt upp fyrirtæki. Kynslóðir Sunnlendinga hafa skapað hér öflug samfélög og góð lífsskjör.

Það er ekki sjálfgefið og þess vegna skiptir máli hver ræður því hvernig við förum með auðlindir okkar og mótum framtíð okkar.

Næstkomandi laugardag verður þjóðin spurð hvort Ísland eigi að hefja að nýju aðildarviðræður við Evrópusambandið.

Mitt svar verður nei.

Á Suðurlandi sjáum við skýrt þýðingu íslensks landbúnaðar. Hann snýst ekki aðeins um það sem fæst í búðinni, heldur snýst hann um fjölskyldurnar á bæjunum, fyrirtækin sem vinna úr afurðunum, störfín sem verða til og byggðirnar sem blómstra vegna alls þessa.

Íslenskir bændur starfa við aðrar aðstæður en bændur á meginlandi Evrópu þar sem uppskerutíminn getur verið nánast allt árið. Markaðurinn er lítill, flutningskostnaður mikill og ræktunarskilyrði önnur. Við þurfum því að geta mótað landbúnaðarstefnu sem tekur mið af íslenskum aðstæðum. Ég vil að framtíð Íslensks landbúnaðar ráðist á Íslandi.

Sama gildir um sjávarútveginn. Í Vestmannaeyjum, Þorlákshöfn og á Höfn þarf engan að sannfæra um mikilvægi

fiskveiðiauðlindarinnar. Hún stendur undir störfum, verðmætasköpun og lífsskjörum.

Í dag ráðum við sjálf sjávarútvegsstefnu okkar. Sameiginleg landbúnaðarstefna og sjávarútvegsstefna Evrópusambandsins falla ekki undir EES-samninginn. Við njótum því viðtæks samstarfs og aðgangs að innri markaði Evrópu án þess að þessir mikilvægu málaflokkar falli undir sameiginlega stefnu ESB.

Með aðild yrði staðan önnur.

Ég hef ítrekað spurt hvort full og varanleg yfirráð Íslendinga yfir fiskveiðiauðlindinni verði ófrávíkjanlegt skilyrði í aðildarviðræðum. Því hefur ekki verið svarað skýrt.

Í fyrra aðildarferlinu voru hvorki landbúnaðar- né sjávarútvegskaflinn opnaðir og nú er þjóðin beðin um umboð til að hefja ferlið að nýju áður en samningsmarkmið ríkisstjórnarinnar hafa verið fullmótuð.

Þetta er ekki að „kíkja í pakkann“. Þetta eru aðildarviðræður sem hafa það markmið að undirbúa Ísland fyrir aðild að Evrópusambandinu.

Ég er ekki á móti Evrópu. Ísland á að vera opið land, eiga greið viðskipti og náð samstarf við Evrópuríkin um öryggismál, menntun, rannsóknir og fjölmarga sameiginlega hagsmuni.

Við gerum það nú þegar. En samstarf er ekki það sama og aðild.



Hér heima fyrir eru næg verkefni. Verðbólga og háir vextir hafa reynst heimilum og fyrirtækjum þungbær. Við þurfum agaðri ríkisfjármál, lægri álögur og betri skilyrði fyrir atvinnulífið.

En þau vandamál verða ekki leyst í Brussel. Við eigum að taka ábyrgð á þeim hér heima.

Ég treysti íslensku þjóðinni. Ég treysti fólkinu hér á Suðurlandi sem byggir upp samfélagin okkar.

Við getum átt bjarta framtíð í nánú samstarfi við Evrópu án þess að afsala okkur réttinum til að ráða sjálf yfir grundvallarhagsmunum okkar. Ég hef mikla trú á íslenskri framtíð.

Þess vegna segi ég nei á laugardaginn.

Guðrún Hafsteinsdóttir
Formaður Sjálfstæðisflokksins og þingmaður Suðurlands

ÞJÓNUSTA



Daglegar ferðir

SELFOSS - REYKJAVÍK
SUÐURLAND

Fjarheimar ehf.

Eyravegi 37, 2h - 800 Selfoss
s. 482 3454 - maddy@maddy.is

Bókhald - ráðgjöf
skattskil

Þjónusta við
einstaklinga og
fyrirtæki

Persónuleg þjónusta

Allt fyrir
sumarhúsið
og garðinn

Palla og skjólgirðingar
Viðbyggingar og
breytingarnar
Viðhald og endurbætur
Lýsingar og raflagnir

Jens sími: 778-7171

lögildur húsasmíða og
rafvirkja meistari
jgrettisson@gmail.com



RAFVÉLATEKNI

LÖGILTUR RAFVEIKTAKI

Vantar þig rafvirkja?

Athildu rafvirkta
Sérfræðispekkir í stjórnskrifum,
mótorstýringum og vélengdum lausnum

HAFTU SAMBAND
419-8700 | rvt@rvt.is
www.rvt.is

KIRKJUR

Selfosskirkja

Messa í miðbænum, á Brúartorgi
sunnudaginn 30. ágúst kl. 14:00.
Kirkjukór Selfosskirkju syngur,
organisti Edit A. Molnár, Daniel
Karl Cassidy og Huguína Birna
Hjalta spila. Prestur Guðbjörg
Arnardóttir.

Hvítasunnukirkjan Selfossi

Austurvegi 40b
Samkoma á sunnudögum
kl.11:00
English translation available
Allir innilega velkomnir.

Úlfjótssvatnskirkja

Skátamessa laugardaginn 29.
ágúst kl 14. Sr. Kristín Þórunn
Tómasdóttir sóknarprestur þjónar fyrir altari og prédikar. Skátar leiða söng og lestra og segja frá skátalífni við Úlfjótssvatn. Kirkjukaffi í Gilwellskálanum með staðarleiðsögn, einnig verður Skátasafnið opið. Innilega velkomin!

Haukadalskirkja

Höfuðdagsmessa sunnudaginn
30. ágúst kl 14. Sr. Kristín Þórunn
Tómasdóttir sóknarprestur þjónar fyrir altari og prédikar. Jón Bjarnason dómorganisti leikur á orgel og leiðir safnaðarsöng. Meðhjálpari er Þórey Jónasdóttir. Kirkjukaffi kemur alltaf ánægjulega á óvart. Innilega velkomin.

Skálholtsdómkirkja

Messa kl. 11 sunnudaginn 30.
ágúst. Sr. Kristín Þórunn
Tómasdóttir sóknarprestur þjónar fyrir altari og prédikar. Jón Bjarnason dómorganisti leikur á orgel og flygil og leiðir safnaðarsöng. Barnabörð er ávallt á sínum stað. Kaffisöpi eftir messu. Innilega velkomin.



Við erum sérfræðingar í prentun
bóka, almennu prentverki
og framleiðslu umbúða. Öll
framleiðsla fer fram á Íslandi.



Umbúðir



Almenn prentun



Bækur



Límmiðar



Stimplar

Gagnheiði 17, 800 Selfoss
482 1944
selfoss@prentmetoddi.is



Haustgildi bókmenntahátíð Bókabæjanna austanfjalls

Haustgildi – menning er matarkista verður haldin á Stokkseyri fyrstu helgina í september í ár. Hátíðin hefur verið haldin seinustu fimm ár á Stokkseyri. Hátíðin er bókmenntahátíð Bókabæjanna Austan fjalls og hafa fjölmargir rithöfundar komið og heimsótt Stokkseyri þessa fyrstu helgi í september.

Í ár munu eftirfarandi rithöfundar taka þátt: Nína Ólafsdóttir, Ingi Markússon, Lóa H. Hjálmtýsdóttir, Una Margrét Jónsdóttir, Steinunn Sigurðardóttir, Sigríður Hagalín Björnsdóttir og Ægir Þór.

Aðalviðburðurinn á Haustgildi í ár verður upplestur Lóu H. Hjálmtýsdóttur og Unu Margrétar Jónsdóttur. Harpa Rún Kristjánsdóttir, rithöfundur, ritstjóri og útgefandi, heldur utan um spjall um skrif þeirra og veltir fyrir sér gildi þess að kátína og

komedía fái að njóta sín í samtímanum.

Tónlist hefur svo alltaf verið hluti af Haustgildi. Eyjólfur Eyjólfsson og Luke Starkey riðu á vaðið á fyrsta Haustgildi og slógu tóninn fyrir það hvernig tónlist myndi hljóma á Haustgildi. Í fyrra voru það Ingibjörg Elsa Turchi, Hróðmar Sigurðsson og Sólrún Mjöll Kjartansdóttir sem spiluðu svo eftirminnilega tónleika í Stokkseyrarkirkju. Þau Ingibjörg og Hróðmar spila svo aftur á Haustgildi í ár á Fjöru- borðinu laugardaginn 5.9. kl. 15 ásamt Magnúsi Trygvasyni Eli- asen trommara.

Jónas Sig og hljómsveit spila svo á Haustgildi í ár. Tónleikarnir hefjast í ár kl. 17 á sunnudeginum 6.9. í Stokkseyrarkirkju. Markús & the diversion sessions munu hita upp. Jónas þarf vart að kynna. Hann kom fyrst fram á sjónarsvið íslenskrar tónlistar

með hljómsveitinni Sólstrand- agæjunum en svo skaut honum aftur upp á stjörnuhimininn þegar hann gaf frá sér plötuna Þar sem malbikið svífur mun ég dansa. Hún kom út 2007 og nokkrum árum seinna gaf hann út efni sem hann hafði unnið með Lúðrasveit Þorlákshafnar, sínum heimabæ. Mögnuð texta- gerð og sterkar melódíur hafa verið einkennandi fyrir tónlist Jónasar sem nær að snerta streng í íslenskri þjóðarsál.

Markús Bjarnason hefur komið víða við í íslenskri tónlist. Hann hefur verið í fararbroddi hljómsveita á borð við Sofandi og Skáta. Jafnframt hefur hann unnið að sínu sólóefni. Hljóm- sveitin hans Diversion Sessions hefur spilað með honum í ýms- um myndum í mörg ár. Núna er hljómsveitin að gefa út glænýtt efni sem hefur fengið góðar við- tækur hjá hlustendum.

Miðasala er á tix.is.

Eins hefur alltaf verið mark- aður á Haustgildi enda sannar- lega hluti af upphaflegu hug- myndinni á bakvið hátíðina, að geta boðið upp á framleiðslu og vörur úr nágrenninu. Listamenn á Stokkseyri hafa líka tekið þátt í Haustgildi með því að opna dyr á galleríum sínum þessa helgi sem Haustgildi stendur. Heba keramik, Gussi Gallerí, Gallerí Gimli og Gallerí Svartiklettur

eru þau frábæru gallerí sem eru á Stokkseyri og verða opin þessa helgi.

Þau sem standa á bakvið Haustgildi eru Bókabæirnir aust- anfjalls sem hafa fengið styrki úr Uppbyggingarsjóði Suður- lands til að standa að hátíðinni. Sveitarfélagið Árborg hefur líka stutt hátíðina með ráð og dáð.

Frekari upplýsingar á haust- gildi.is.



AUGLÝSINGAR UM SKIPULAGSMÁL Grímsnes- og Grafningshreppur

Samkvæmt 41. gr. skipulagslaga nr. 123/2010 eru hér auglýstar tillögur eftirfarandi deiliskipulagsáætlana:

- Kvíanes L239311; Efri-Brú Kvíanes 4 L238165; Frístundabyggð; Deiliskipulag - 2510070**
Sveitarstjórn Grímsnes- og Grafningshrepps samþykkti á fundi sínum þann 19. ágúst að auglýsa á grundvelli 41. gr. skipulagslaga nr. 123/2010 nýtt deiliskipulag fyrir Efri-Brú Kvíanes L191871 og Efri-Brú Kvíanes 4 L238165 í Grímsnes- og Grafningshreppi. Í deiliskipulaginu er gert ráð fyrir frístundabyggð fyrir samtals 14 lóðum.

Samkvæmt 2. mgr. 36. gr. skipulagslaga nr. 123/2010 er hér kynnt niðurstaða sveitarstjórnar vegna eftirfarandi máls:

- Ásgarður; Breytt landnotkun; Aðalskipulagsbreyting - 2607013**
Sveitarstjórn Grímsnes- og Grafningshrepps samþykkti á fundi sínum þann 19. ágúst 2026, framlagða óverulega breytingu sem tekur til breytinga á aðalskipulagi Grímsnes- og Grafningshrepps 2020-2032. Breytingin felur í sér að skilgreining lands Ásgarðs II er leiðrétt. Í því felst að landbúnaðarsvæði L2 er stækkað og frístundabyggð F25 er minnkuð sem því nemur. Um er að ræða 1,9 ha svæði. Sveitarstjórn samþykkti að auglýsa niðurstöðu þessa.

Ofangreindar skipulagstillögur liggja frammi til kynningar á skrifstofu skipulagsfulltrúa, Hverabraut 6, Laugarvatni á skrifstofutíma embættisins. Að auki er hægt að nálgast tillögur á vefslóðinni www.utu.is og á skipulagsgátt Skipulagsstofnunar skipulagsgatt.is/.

- Mál 1. innan auglýsingar eru skipulagsmál í auglýsingu frá 27. ágúst 2026 með athugasemdarfresti til og með 9. október 2026.
- Mál 2. innan auglýsingar er birting og tilkynning um niðurstöðu sveitarstjórnar vegna óverulegrar breytingar á Aðalskipulagi.

Athugasemdum og ábendingum skal skila inn á skipulagsgátt Skipulagsstofnunar Skipulagsgáttin undir viðeigandi máli. Einnig má koma á framfæri athugasemdum og ábendingum skriflega á skrifstofu UTU Hverabraut 6, Laugarvatni eða með tölvupósti á netfangi@skipulag.utu.is. Fyrirspurnir má senda á netfang UTU skipulag@utu.is.

Sigríður Kristjánsdóttir
Skipulagsfulltrúi Umhverfis- og Tæknisviðs Uppsveita



Ferðanefnd FEBSEL og Guðmundur Tyrfingsson bjóða upp á safnaferð miðvikudaginn 9. september 2026

Lagt af stað frá Grænumörk kl 13.00.

Við heimsækjum söfnin á Ströndinni: Sjóminja- safnið á Eyrarbakka og Veiðisafnið á Stokkseyri.

Síðan verður haldið að Hótel Vatnsholti þar sem kaffihlaðborð bíður okkar.

**Verð pr. mann er kr. 5.500
sem greiðist við brottför.**

Aðgangseyrir á söfnin og kaffihlaðborðið er innifalið í þessu verði.

Ath: Hver og einn þátttakandi er á eigin ábyrgð.

Bókanir í ferðina eru hjá nefndinni og þátttökulisti liggur frammi í Grænumörk 5. Einnig má skrá sig á Facebook-síðu Febsel.

Þátttaka tilkynnist fyrir 4. september.

Hlökkum til fararinnar.
Helgi s. 860 7032
Ingibjörg s. 864 2972 Vigdís s. 893 6564



BRAG AF VINÁTTU!



Fæst hjá
BYKO Selfossi

Ökukennsla

Sniðið að þörfum hvers og eins.
Kennsla á íslensku eða ensku.



Hafðu samband í **897 4693**
Bókaðu á **UTIADAKA.IS**
„Með þér alla leið“

FROST

KÆLIKERFI - FRYSTIKERFI
HÖNNUN - SALA - ÞJÓNUSTA

HÁHEIDI 9, SELFOSSI - SÍMI 464 9400 - WWW.FROST.IS

800

LAGNIR

**ALHLIÐA
PÍPULAGNINGA
VERKTAKAR**

Eyjólfur - Sími 888 8001
Guðjón - Sími 888 8002
800lagnir@800lagnir.is

HEYRN

HEYRNARÞJÓNUSTA

534 9600
www.heyirn.is

**LÖGGILTUR
HÚSASMÍÐAMEISTARI**

NÝSMÍÐI · VIÐHALD · BREYTINGAR

KARL S:692-2575
800SMIDI@GMAIL.COM

S: 692-2575
800 SMÍÐI

**VÉLSMÍÐJA
SUÐURLANDS ehf**

Selfossi Gagnheiði 5 Sími: 482 1980

**Efnissala
Rennismíði
Innréttingar
Járnsmiði**

Gagnheiði 5, Selfossi
Sími 482 1980

Bílasprautun - Bílaréttingar
Bílrúðuskipti

Bilverk BA

Far sem
fagmennirnir vinna

★★★★★

Vottað verkstæði
Gagnheiði 3 - Selfossi
Sími 482 2224 / 899 5424
bilverkba.is

PÚLSINN

Raf & kæliþjónusta

Kæli & Frystikerfi
Viðgerðir · Þjónusta
Nýsmíði · Rafmagn

Sími: 760-5670 · pulsinn@pulsinn.com

Nýlagnir - Endurlagnir - Viðgerðir

Lagnir og Lausnir ehf

Ykkar óskir, okkar lausnir

Kristinn 660 1580 Einar 660 1581 lagniroglausnir.is

**Stíflupjónusta
Sævars Selfossi**

Sími: 861 1919
stifla.selfoss@gmail.com

YFIR
**20 ÁRA
REYNSLA**

**Stíflulosun úr lögnum
Myndun lagna
Rótarskurður o.fl.**

prentmet

heildarlausnir í prentun

Umbúðir Almenn prentun Bækur

Límmiðar Stimplar

Sími 482 1944
selfoss@prentmetoddi.is
www.prentmetoddi.is

GB Hús

NÝSMÍÐI | VIÐHALD | PALLASMÍÐI

**ÖLL ALMENN
SMÍÐAVINNA**

Löggiltir húsasmíðameistarar

848 0964 899 0979
GÍSLI ÖRN

GBHUS@GBHUS.IS

**FÁÐU TILBOÐ
Í PINN PALL**

899 0979 848 0964
ÖRN GÍSLI

WWW.SOLPALLUR.IS

SÓLPALLUR
Fagmennska - Gandi - Áreiðanleiki

Lagnapjónustan ehf

Pípulagnir - Efnissala
482 2311 696 2311
Skrifstofa Þjónustusími

**STÍFLULOSUN
SUÐURLANDS**

VIÐ ELSKUM
STÍFLUR!

**DÆLUBÍLAPJÓNUSTA
OG STÍFLULOSANIR**

510 1180 - 669 8441

Hellismýri 14 800 Selfoss stiflulosun.is

**Raflagnir
Tölvulagnir
Ljósleiðaralagnir**



TRS

Gagnheiði 26, Selfoss
480 3300 ■ www.trs.is

LAGNALAND

**ÁREIÐANLEGIR
PÍPULAGNINGAVERKTAKAR**

Sími 769 0001 (Halli) - 800 Selfossi
lagnaland@lagnaland.is

LAGNALAND EHF.

NÝTT

**Vinnuvélanámskeið
á netinu!**

www.vinnuvelaskolinn.is